

Ed. 423. Frumvarp til laga [247. mál]

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem rikissjóður selur innanlands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Ríkisskuldabréf, spariskirteini og happdrættisskuldabréf, sem gefin verða út, skv. 6. gr. LXIII og LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim, verðbætur og vinningar, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu skráð á nafn eigenda.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971, svo sem um verðtryggingu og aðra skilmála eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, eiga við nýjar útgáfur ríkisskuldabréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs, sem út kunna að verða gefin á grundvelli heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með fjárlögum 1974 var lántöku- og verðtryggingarheimildar aflað vegna ráðgerðrar sölu á árinu á spariskírteinum ríkissjóðs og happdrættisskuldabréfum vegna vegaframkvæmda á Skeiðarársandi.

Jafnframt er talið eðlilegt, að ákvæði um skattalega meðferð umræddra verðbréfa og fleiri atriði væru í sérstökum lögum, en ekki í fjárlögum.

Er því frumvarp þetta flutt. Er efni þess nánast það sama og er að finna í þeim lögum, sem Alþingi hefur afgreitt árlega frá 1963 um framkvæmda- og fjáröflunar-áætlun ríkisstjórnar hvert árána þar á eftir.

Um 1. gr.

Engin efnishreyting er hér gerð frá fyrri lögum og ákvæðið um nafnskráningu er óbreytt.

Um 2. gr.

Í lögum nr. 99/1971 um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, er í 1. gr. heimild til útgáfu 250 millj. kr. happdrættisskuldabréfaláns á árunum 1971—1975. Í 5. gr. laga nr. 8/1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, er þessi heimild hækkuð um 80 millj. kr., eða í samtals 330 millj. kr. Í fjárlögum ársins 1974 er til viðbótar 400 millj. kr. heimild og á sú fjáröflun að nægja til að ljúka framkvæmdinni skv. síðustu kostnaðaráætlun um verkið. Í þessari grein eru ákvæði þess efnis, að happdrættisskuldabréf skv. þessari viðbótarútgáfu lúti ákvæðum laga nr. 99/1971 eftir því, sem við getur átt. Til viðbótar er nauðsynlegt ákvæði, að fjármálaráðherra fái heimild til að ákveða vinningshlutföll eftir aðstæðum hverju sinni fyrir þá flokka, sem verða gefnir út. Yrði það gert í reglugerð, sem kvæði nánar á um lánskjör og önnur atriði hvers flokks. Í greindum lögum frá 1971 var vinningshlutfall bundið við 7% á ári.

Um 3. gr.

Mikið hagræði er að því að þurfa ekki að endurtaka árlega heimildir um skattalega meðferð þeirra verðbréfa, sem ríkið selur. Er heimildin mjög æskileg, þar sem tekinn hefur verið upp sá háttur að afla lántökuheimilda fyrir árlega verðbréfaútgáfu í fjárlögum.